

Thor Vilhjálmsson skrifar:

HELGARSYRPA

Listahátíðin hefst

Ekki gaf drottinn allsherjar veðrið nógu gott til þess að nýi borgarstjórinn okkar Davíð Oddsson opnaði Listahátíð, og var ekki af því að Davíð hefði ekki til þess heilsu, fyrir fjórum árum sýndi hann að hann hefði atgervið til þess arna ásamt Sigurjóni Péturssyni þegar þeir opnuðu hátíðina með ræðum í leiðindaveðri að Kjarvalsstöðum, og voru hafðir tveir einir úti í rigningu við þá athöfn og roki; en gestirnir inni í skjóli.

Síðan linnti skúrinni, og þá komu þýzkir leikarar á stultum yfir túnið, líkt og forsögulegir vaðfuglar, og spigsporuðu fegnir um sýningarsalina með mannhafið upp á miðja leggi.

Það var ekki talið óhætt að fara út í loftrakann núna af því að Sinfóníuhljómsveitin átti að spila með hljóðfæri sem ekki þola nema einmuna tíð úti. Guð almáttugur átti reyndar þess konar veður handa okkur daginn áður; en sparaði það opnunardaginn til seinni tíma.

Í staðinn mun hafa verið sýndur skjólgóður ullarfatnaður á Lækjartorgi, sem er ómissandi á útihátíðum á Íslandi. Klukkunni á Lækjartorgi hafði líka verið komið í lag, og kunnu rosknir borgarbúar vel að meta að þurfa ekki að líta upp á bankann eftir snælduklukkunni; sem alltaf snýr andliti sínu frá þegar manni liggur á. Hún er þó skárri en klukkan á Hallgrímskirkjuturninum, þú verður að fara með lyftunni upp í turninn til að sjá á hana; þó veldur hún sífelldu ónæði í hverfinu og gerir menn taugaveiklaða með því að slá á kortersfresti í ótíma í staðinn fyrir að vera til friðs eftir allt rifrildið um kirkjubygginguna.

Ég held að veðrið hafi verið sosum skaplegt þó það hentaði ekki sinfóníuhljómsveit og hefði mátt fá hann Stefán frá Möðrudal með harmoníkkuna í staðinn, og bjóða upp í dans milli sýninganna. Í staðinn kom Njarðvík formaður og sagði ekki unnt að setja þessa hátíð sökum raka, og hófst hún því óhelguð.

Í sóldýrðinni daginn áður voru sýningar opnaðar að Kjarvalsstöðum. Þar var afraksturinn af mikilli og vandaðri vinnu Gylfa Gíslasonar myndlistarmanns sýndur; sem hafði lagt nótt við dag með hjálparliði til að gera skemmtilega og fróðlega hugvekju um feril og þætti í þróun Jóhannesar Kjarvals. Gylfi hefur raðað ljósmyndum af málverkum Kjarvals á fleka og myndum úr bókum sem hafa komið út um Kjarval með gagnorðum skýringartextum og vísbendingum sem mætti verða til fyrirmyndar um framhaldskönnun og kynningu stofnunarinnar sem ber nafn meistarans. Með honum í þessu starfi voru Þóra Kristjánsdóttir, hinn ötuli listræni forstjóri hússins, og Jóhannes sonarsonur Kjarvals, auk Hilmars Einarssonar bókbandsmeistara. Og þarna er líka vel röðuð sýning á málverkum Kjarvals úr eigu borgarinnar.

Þarna er líka gullfalleg sýning eftir Magnús Tómasson þar sem sameinast fagurt handbragð og ísmeygileg lýrikk. Með sýningunni sannar Magnús rækilega að það var rétt ákvörðun að veita honum árslaun til starfs á vegum hússins. Þeim peningum er vel varið og full ástæða til að athuga hvort ekki ætti að endurráða hann, eða útvega listamanninum annarsstaðar árslaun. Þessi töfrandi sýning er sönnun fyrir því hve brýnt er að létta af góðum listamönnum tætingslegum snöpum eftir peningum til framfæris sér og sínum, og nýta gáfur þeirra og atgervi til að skapa list.

Silkitromma Atla Heimis

Sjálf hátíðardagskráin byrjaði með glæsibrag, þar sem var ópera Atla Heimis **Silkitromman**, og snerist strax upp í sigurhátíð tónskáldsins og hinnar frábæru sveitar söngfólks og tónlistarmanna sem túlkar listaverk tónskáldsins með trúnaði og miklum tilþrifum undir stjórn Gilbert Levine og Sveins Einarssonar. Augnagleði var aukin rausnarlega af Helgu Björnsson úr heimssmiðju tízkunnar í París, sem varð hvorki París né Þjóðleikhúsinu okkar til skammar og notar skæra liti á nútímavísu svo sem tíðkaðist í Nohefðinni fornu einsog það að nota gull og silfur. Og Sigurjón leiktjaldahönnuður sem aldrei bregzt, það gerði hann ekki heldur hér en hélt aftur af sér til að draga ekki úr áhrifum búninganna og hafði bara á sviðinu það sem brýnast þurfti. Eftir svona kvöld fer maður glaður og stoltur heim, og bjartsýnn. Ég get ekki stillt mig um að lýsa hrifningu minni á frammistöðu Guðmundar Jónssonar og afreki hans sem fer inn á ný svið í list sinni og flytur erfiða tónlist ógleymanlega, og verður manni líka eftirminnilegur sem sviðspersóna. En dýpst snart söngur Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Guðmundar í lokaþættinum; og þar held ég að tónlist Atla nái lengst, dýpst þar sem persónurnar syngja báðar en syngja þó sig ekki saman heldur hvor fram hjá annarri.

Víst er Atli glúrinn; ég má þó til að hafa orð á því hvað mér finnst hann hafa verið fundvís á söguefni sem hann fann í gömlum japönskum No-leik frá 14. eða upphafi 15. aldar, og nýtir á sinn hátt ásamt textahöfundi sínum. Hvað þýðir No? Það mun tákna að geta eitthvað eða hæfileika. Þetta er leiklist sem þróaðist upp úr hefðbundnum dönsum, og blómstraði á 14. öld undir vernd voldugs herstjóra eða shogun, sá hét Yoshimitsu, og var upphafsmaður að langvinnu veldi ættar sinnar sem nefnist Ashikaga, og vernd þeirrar ættar réð úrslitum um uppgang þessarar listgreinar sem var ræktuð við hirð þeirra, og þróaðist frá alþýðlegum uppruna og einfaldleika í það að verða stílfáguð og háþróuð hirðlist sem laut ströngum lögmálum um efni og efnistök og framsetningu. Þar áttu drýgstan þátt feðgar gæddir snilli Kananimi Kiyotsugu og sonur hans Zeami Motokiyo (1363—1444). Hinn síðarnefndi er talinn höfundur að 200 leikjum, og ennþá eru 124 verk hans varðveitt og flutt í Japan.

Zeami samdi **Silkitrommuna**; sem á japönsku heitir **Aya no tsuzumi**.

Hin fræga Kabuki-leiklist sem oft er nefnd í sömu andránni og No-listin kemur miklu síðar til sögunnar og blómstrar á 16. öld, afsprengi síns tíma. Hún sækir stundum efni í hina langvinnu valdabaráttu tveggja ætta Taira og Minamoto sem sigraði að lokum. Kabuki er að sumra hyggju hið fullkomna allsherjarleikhús sem oft hefur borið á góma í sambandi við óperu Atla þessa dagana, ósundrandi samruni sönglistar og dans í hnitmiðuðum leikstíl, sem nærir auga og eyra í senn; Ka þýðir söngur og Bu dans, og er runnið frá kínverskum táknum sem mjög voru tíðkuð á 16. öld í Japan; Ki táknar leikni eða leikbragð. Það eru til á fjórða hundrað Kabuki leikrit sem verið var að semja fram á 19. öld; og reis hæst í verkum Chikamatsu; hann lifði framá 18. öld, og var af sumum kallaður Shakespeare Japans.



Magnús Tómasson við eitt verka sinna á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Úr Silkitrommunni eftir Atla Heimi.

Silkitrommuna fann Atli í flughöfninni í New York í heillavænlegu fáti, þannig ráðast örlög stundum; og segir frá því sjálfur að hann hafi gripið kver með nokkrum No-leikjum sér til viðurværis í loftinu og hugljómaði af þessu á fluginu.

Það eru ekki nema þrjár persónur í forna leiknum eftir Zeami auk kórsins; sem hefur svipað hlutverk eins og í grísku leikjunum að rekja og skýra söguna og koma á framfæri skáldlegum viðhorfum til þess sem er að gerast. Þar er hirðmaður sem hefur söguna, og segir frá gömlum garðyrkjumanni sem sópar stígana í hallargarðinum við lárviðartjörnina þar sem hátignirnar reika sér til yndis; og sá þá prinsessu. Og síðan hefur hann unnað henni af friðlausu hjarta. Og verður ekki rakið frekar nema þegar silkitrumban hljómar ekki steypti sá gamli sér í örvæntingu sinni í lárviðartjörnina. Eins og tíðkast mjög í No-leikjum gengur hann aftur; tókst ekki betur til en svo að draugur hans hljóp í prinsessuna reiður; og tryllir af henni vitið, og talar gegnum hana, og á kvöldkyrri tjörninni reis alda og úr þeirri öldu talaði rödd; og það er rödd gamla mannsins sem smám saman birtist, og kemur eftir sviðsbrúnni hashigahara með djöflagrímu og öldur beiskjunnar hafa skolað mér aftur upp á ströndina. Og kórinn segir í orðastað hans að það komist ekki önnur hugsun að en reiði vegna hins bannaða losta sem leggst um mig eins og myrkur. Ég er orðinn að djöfli sem dvelst í helvíti minna myrku þanka, óveðurssky ástríðna minna. Og þannig fer fram tvítal afturgöngunnar og kórsins um hans hugsanir unz draugurinn þrífur prinsessuna, og skipar henni að slá trumbuna með sál hennar á valdi sínu og ann henni ekki eirðar, og fer um sál hennar fári, fyllir angist svo hún hrópar: Hvað hef ég gert, með hvaða illu sæði hef ég sáð til slíkrar uppskeru? Unz með formælingum hverfur draugurinn aftur, einn af djöflum næturheimsins niður í hvirfil lostans, syngur kórinn

Í No-leikjunum er óspart gengið aftur. Þar fá smáðir einatt uppreisn eftir dauða, þegar þeir birtast á ný og skilja allt, vita allt. Í þessum japönsku leikjum er rík virðing fyrir valdi samfara samúð með hinum smáða. Stundum býr andi hetju framliðinn í fátækum munki. Erfiðismaðurinn, hinn hrakti birtist aftur sem glæst hetja handan við dauða, samurai eða prins; gamla raunum mædda konan þarf ekki nema að verða draugur til að verða prinsessa. Þannig vísar hin fágaða hirðlist aðalsins alþýðunni á upphafningu draugsins.

Silkitromma Mishima

Þetta magnaða efni No-leiksins færir Atli í gerviveröld samtíma með glysfrekju hennar og auglýsingaharki, tómleika og tilfinningadoða. Hinn forni No-leikur verður honum hugvaki og uppspretta til að skapa verk sem í einfaldri sögu má túlka á ýmsa vegu, persónulegt uppgjör tónskáldsins.

Það eru fleiri en Atli sem hafa nýtt hið forna efni No-leiksins. Til er nútímaverk eftir japanska skáldið Yukio Mishima, höfundinn snjalla sem framdi fyrir nokkrum árum kviðristu, sepukku eða harakiri, og liggur mikið og margþætt verk eftir hann þótt ekki yrði hann gamall, skáldsögur og smásögur, og svo fimm nútíma No-leikrit. **Silkitromman** er eitt. Persónur eru jafn margar og hjá Atla, utan tvær aukapersónur; en textinn skáldlegur og upphafinn, lýrískur. Gamli maðurinn vinnur nú á skrifstofu lögfræðings sem hefur lítið að gera. Uppi á þriðju hæð. Hægra megin. Gata á milli húsa, bali þar með lárviðarrunna. Vinstra megin á þriðju hæð í húsi er tízkuverzlun. Tríó þar: Fujima kennari í klassískum japönskum dansi; Toyama ungur maður; Kaneko embættismaður í utanríkisráðuneytinu, og stendur til að hann verði sendiherra. Tveir síðastnefndu eru skólafélagar, gamlir vinir. Auk þess kemur þangað **Madame** eigandi tízkuverzlunarinnar. Og svo er hin fagra Hanako Tsukioka sem sá gamli elskar og skrifar bréf til. Ennfremur kemur þangað stúlka sem hefur fyrst og fremst það hlutverk að fara með bréfið; það lendir nú í höndum tríósins sem fer að lesa utanáskriftina: til prinsessu lárviðar mánans. Áður voru þeir búnir að tala um hvað Madame kæmi seint. Það er ófært að láta karlmenn bíða í tízkusal, segir ungi maðurinn. Svo kemur Madame loksins og er í hærra lagi, og segir: En hvað það var indælt að þið gátuð allir komið. Það er komið ástarbréf til yðar, segir Toyama hinn ungi. En af ávarpsorðunum sér hún að það er ekki ætlað henni, og segir að það sé enginn friður fyrir þessu bréfaflóði úr húsinu á móti: Gamall maðurinn, næstum fimmtugur! Hann hefur orðið ástfanginn af frú Tsukioka í gegnum gluggann. Ráðuneytismaðurinn segist ekki vera hissa því að sagt sé að maður verði fjarsýnn með aldrinum, og hlær að sinni eigin fyndni. Madame segist ekki hafa sýnt hinni bréfin heldur notað þau öll til að hreinsa hundakambana sína. Þau kankast á í hálfkæringi og velta því fyrir sér hvort hlaupi hraðar ástin eða hundurinn. Madame: Það stígur mér til höfuðs að tala við svona sjarmerandi herra. Og svo framvegis.

Þá kemur Hanako. Ungi maðurinn faðmar hana: Þetta var grimmdarlegt af yður, þér komið aftur of seint. En hún svarar ekki og tekur brosandi af sér glófana. Svo kemur að því að ráðuneytisstjórinn og ungi maðurinn lesa bréfið á víxl upphátt yfir öxlina á Hanako, og þegar það endar á því að biðja bara um einn einasta koss bresta allir í hlátur.

Þau skopast óspart að bréfinu og ást gamla mannsins og ræða ástina og annað á kaldranalegan hátt. Og fara að drekka kaffi, þá segir danskennarinn að sér detti dáltið í hug og vefur purpuralitu silki utan af trommu sem hann segir að sé leikmunur, og heyrist ekkert í henni. Sér hafi komið í hug að festa bréf við trommuna og kasta henni til gamla mannsins og segja honum að berja bumbuna; og ef hljóðið nái í gegnum háreysti götunnar verði hann bænheyrður. Og Hanako samþykkir brosandi; og segir fátt, þó allt snúist um hana.

Hinn roskni elskandi grípur trumbuna og fyllist sárri eftirvæntingu og ávarpar lárviðinn og segir: Fyrirgefðu að ég hengi trommuna í græna hárið þitt, en hún fer þér vel eins og djásn hafi fallið af himnum ofan í hárið þitt, og segir trénu að sorg sín hafi gert það fegurra.

Og loksins slær hann trommuna eftir nokkurt hik. Æ ákafar. Ekkert hljóð. Þeir hafa skopazt að mér, segir hann og hnígur grátandi niður: Að svona glæsileg dama geti verið svona auvirðileg.

Hlátur fyrir handan, glugganum skellt aftur þar.

Já hlæiði hlæiði bara.... hlæiði meðan þið liggið og rotnið.... sá sem er hlegið að hann hlýtur annan dauða, hann rotnar ekki, segir hann og kastar sér út um gluggann án þess að hinir verði varir við fyrr en dyrnar opnast þar og fréttin berst, þá hlaupa allir upp með skelfingu, sumir að glugganum, aðrir til dyra. Hanako stendur ein á miðju sviði, stirðnuð eins og stytta.

Hann gengur vitanlega aftur, og þau tvö ræða saman. Hún kom til herbergis hans þar sem hann var afturgenginn; og ann henni enn. Hann hótar henni bölvun þegar kemur í ljós í talinu hve spillt hún var. Hún óttast það ekki. Nú er ég sterk, segir hún; vegna þess að hann elski hana. Og segir honum að horfa á sig: Hann elski ekki þá sem hún sé í raun og veru; og segir honum að slá trumbuna. Nú heyrist í trumbunni; en hún segist ekkert heyra. Hún lætur hann slá hana hundrað sinnum; unz hann hverfur, en hún hrópar angistarfull: Hann er horfinn! Klukka fer að tifa; leiknum lýkur þannig að hún segir líkt og í draumi: Hefði hann bara slegið trumbuna einu sinni enn, þá hefði ég kannski heyrt í henni.

Til hamingju Atli með þína trommu. Það heyrist í...

P.S. Nú er kominn til okkar leikflokkurinn góði og frægi frá Suður-Ameríku **Rajatalba**, sem enginn má missa af. Bienvenidos!